

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, umsýslugjöld umhverfis og skipulagssviðs. Mál nr. US180342

Umhverfis- og skipulagssvið fær greidda þóknun/umsýslugjöld vegna verkefna á vegum borgarinnar eftir þremur leiðum:

- 1) Samkvæmt þjónustusamningi við Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar vegna fjárfestingarverkefna og viðhalds fasteigna er greidd þóknun samkvæmt grein 8. Greiðslur.

8. Greiðslur

8.1. Þóknun fyrir unnar vinnustundir starfsmanna USK er tekjufærð hjá USK og gjaldfærð hjá SEA með skráningu vinnustunda í verkþókhald.

8.2. Kostnaður við rekstur skrifstofu framkvæmda og viðhalds mannvirkja (kostnaðarstaðir 4000, 4001, 4002 og 4003), umfram það sem tekjufært er í verkþókhaldi, gjaldfærast hjá SEA með útteilingu á verkbeiðnir í hlutfalli við áætlun.

SEA greiðir USK fasta mánaðarlega þóknun fyrir hver þau verkefni sem tilgreind eru í þjónustusamningi þessum en falla utan verkþókhalds. Fjárhæð mánaðarlegrar þóknunar nemur 25.333.583,- krónum eða samtals 304.002.996,- krónum á ársgrundvelli miðað við árið 2013. Þar af eru 39.115.000 vegna Landupplýsingadeildar.

- 2) Einnig færir sviðið út umsýsnarkostnað við rekstur Skrifstofu umhirðu og reksturs borgarlandsins á eigin verkefni sem vistuð eru í eignasjóði á sama hátt og kemur fram í lið 8.1 og 8.2 sjá lið 1.
- 3) Þessu til viðbótar leggur Skrifstofa umhirðu og reksturs borgarlandsins 4-8% umsýslugjald ofan á útlagðan kostnað vegna reikningagerðar til 3 aðila.

Meðfylgjandi tafla sýnir þóknun/umsýslugjald Umhverfis- og skipulagssviðs 2014 – september 2018.

Þóknun/ umsýslugjald USK 2014 - sept. 2018	2014	2015	2016	2017	jan- sept. 2018
1) Þjónustus. við SEA liður 8.1 og 8.2	292.724	283.065	334.228	352.153	256.838
1) Þjónustus. við SEA mánaðarleg þóknun	291.576	291.576	291.576	261.529	196.147
2) Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins	113.453	111.865	119.299	117.260	99.021
3) Umsýslugjald vegna reikningagerðar SRU	2.796	3.116	3.469	2.729	1.696
Samtals	700.549	689.622	748.572	733.671	553.702

Meðfylgjandi tafla sýnir gjaldfærslu umsýslu Umhverfis- og skipulagssviðs 2014 – september 2018.

Gjöld sundurliðast þannig	2014	2015	2016	2017	jan- sept. 2018
Eignasjóður fjárfesting	439.382	443.787	470.848	436.817	337.485
Eignasjóður viðhald fasteigna	72.307	56.814	53.496	59.809	32.437
Eignasjóður vegna Landupplýsingadeildar	39.115	39.115	39.115	39.115	29.336
Rekstur gatna og opinna svæða	97.035	83.304	89.674	92.349	68.539
Viðhald gatna og opinna svæða	49.948	63.143	92.472	102.188	84.319
Samtals	697.787	686.163	745.605	730.278	552.116

Umhverfis- og skipulagssvið hefur ekki fengið 16,9 mkr í tekjur vegna Braggans við Nauthólsveg. En vegna mistaka starfsmanna fjármáladeildar Umhverfis- og skipulagssviðs hefur verið færður umsýslukostnaður vegna liðs 8.2 samkvæmt þjónustusamningi við Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar upp á 9.847 þús kr.